

Fjármála- og efnahagsráðuneytið (v./ Samráðsgáttar)
Arnarhvoll
101 Reykjavík

1. september 2025

Efni: Áætlun um innleiðingu EES-gerða á fjármálamarkaði (Mál nr. S-135/2025)

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF) þakka tækifærið til að veita áætlun um innleiðingu EES-gerða á fjármálamarkaði (Mál nr. S-135/2025) umsögn. Samtökin fagna því að birtur sé opinberlega listi yfir mál sem skilgreind hafa verið sem forgangsmál varðandi innleiðingar í íslenskan rétt á fjármálamarkaði.

SFF telja að vönduð umgjörð og lagasetning um fjármálastarfsemi sé grundvallaratriði að skilvirkri og traustri fjármálaþjónustu. Mikilvægt er að innlend fjármálafyrirtæki búi við þannig starfsskilyrði að þau séu samkeppnishæf í alþjóðlegu umhverfi. Bent hefur verið á að innlend fjármálafyrirtæki búa við ýmsar íþyngjandi kröfur sem eru töluvert umfram það sem gerist á hinum Norðurlöndunum og Evrópu. Telur SFF mikilvægt að hafa þau sjónarmið í huga við innleiðingar hérlandis á fjármálamarkaði og að gæta að því að ekki sé gengið lengra en nauðsynlegt er við innleiðingar, sér í lagi sé horft til smæðar markaðarins.¹

Mikilvægt er að hugað sé áfram að vandaðri og tímanlegri innleiðingu EES-tilskipana og reglugerða um fjármálastarfsemi. SFF tekur því undir með ráðuneytinu um að jákvætt sé að innleiðingarhalli hafi minnkað. SFF nefnir einnig að miklu máli skiptir að hagaðilar séu upplýstir tímanlega um fyrirsjáanlegar breytingar á löggjöf og nýja löggjöf, þannig að nægt svigrúm gefist til aðlögunar. Samtal við markaðinn skiptir einnig miklu máli og lýsa SFF sig ávallt reiðubúin til frekara samtals við stjórnvöld varðandi innleiðingu löggjafar á fjármálamarkaði.

SFF hafa ekki efnislegar athugasemdir við forgangslistann.

**Með vinsemd og virðingu,
f.h. Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu,**

Íris Björk Hreinsdóttir, yfirlögfræðingur SFF



¹ Sjá t.d. [24. ábendingar SFF til starfshóps um gullhúðun EES-reglna \(2024\)](#)